

að stjórnarráðið hefir skrifað stiptamtmanni um þetta¹⁾, og lagt drög fyrir, að þessir 100 rd. verði útborgaðir yður úr ríkisfæhirlunni hér í borginni.

1870.
14. marz.

29. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um dýralækni.

14. marz.

Dýralæknir Snorri Jónsson, sem með styrk frá stjórnarráðinu og af jafnaðarsjóði norður- og austur-umdæmisins hefir stundað dýralækningafræði við dýralækna- og landbúnaðarskólann í Kaupmannahöfn og tekið dýralæknaþróf þar í vetur, hefir sent hingað bænarskrá, og sókt um að verða sendur til suðurumdæmisins, til þess að rannsaka fjársýki þá, er þar gekk yfir í fyrra, eða, ef ekki þætti vera nauðsyn til þess, að sèr verði veittur styrkur til þess að fara heim til Íslands og bjóða sig fram við stiptamtmann.

Útaf þessu skal yður, herra stiptamtmaður, til vitundar gefið, að stjórnarráðið hefir í dag skrifað sækjandanum, eins og sjá má af eptirriti því, sem með fylgir, og sendir yður jafnframt eptirrit af vitnisburði þeim, er yfirdýralæknir, etazráð Tscherning, hefir gefið honum, en verður að öllu leyti að láta það vera á sjálfs yðar valdi, hvort yður þykir vera nauðsyn til að hafa not af kunnáttu dýralæknisins.

30. Lög um fjarveiting til bráðabirgða á fjarhagsárinu 1870—71.

29. marz.

Vèr Kristján hinn Niundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Ríkisþingið hefir fallizt á lög þessi og Vèr staðfest þau með samþykki voru:

¹⁾ Sjá næsta bréf.

1870.

29. marz.

1. grein.

Þangað til að ríkisþingið er búið að ræða frumvarp það, er fyrir það hefir verið lagt, til fjárhagslaga fyrir fjárhagsárið frá 1. apríl 1870 til 31. marz 1871, og í síðasta lagi þangað til 1. maí þ. á., skal stjórninni veitt heimild til að láta til bráðabirgða borga öll nauðsynleg gjöld, sem uppá koma samkvæmt ákvörðunum þeim, sem gilt hafa hingað til, en þó svo, að ekki sé farið út yfir aðalupphæðir þær og sérstakar gjaldgreinir, sem eru tilfærðar í tæðu lagafrumvarpi, og eins að láta heimta saman skatta þá og gjöld, sem nú eru.

2. grein.

Lög þessi öðlast lagagildi 1. apríl 1870.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gefið i höll Vorri Amalienborg, 29. dag marzm. 1870.

4. apríl.

31. Auglýsing fjárstjórnarinnar um peningasendingar milli Danmerkur og Íslands.

A líkan hátt og nú má borga fê til jarðabókarsjóðanna á Færeyjum og Íslandi, og fá það aptur útborgað úr aðalféhirzlu ríkisins í Kaupmannahöfn, hefir fjárstjórnin eftir samkomulagi við dómsmálastjórnina ákveðið, að borga megi frá 50 rd. til 5000 rd. til aðalféhirzlunnar, og fá peningana aptur hjá jarðabókarsjóðunum á Færeyjum eða Íslandi, gegn því að greiða í þóknun 1 af hverju 100 af upphæðinni; þó getur þetta að eins fengizt með því skilyrði, að forði jarðabókarsjóðanna af reiðugjaldi sé nógur til þessa, framyfir það, sem þarfir ríkisstjórnarinnar útheimta.

Þeir, sem hær á eftir æskja þess, að fá fê útborgað úr jarðabókarsjóðunum, verða að borga jafnmikið til aðalféhirzlunnar, og jafnframt með fám orðum skriflega geta þess, hverjum eigi að borga fêð og úr hvorum jarðabókarsjóðnum, en þá mun fjárstjórnin segja sjóðunum til um það, sem með þarf í þessu skyni.